

Útdráttur

Með aukinni atvinnu á sjöunda áratug tuttugustu aldar á Sauðárkróki jókst atvinnuþátttaka kvenna og þar með varð þörf fyrir uppbyggingu í dagvistunarmálum. Það voru Kvenfélag Sauðárkróks og Verkakvennafélagið Aldan sem komu á stofn fyrsta leikskóla sem rekin var í húsi Barnaskólans, yfir sumarið á Sauðárkróki árið 1965. Árið 1968 tók bærinn við rekstri sumarleikskólans og var skipuð sérstök dagheimilisnefnd sem var undirnefnd bæjarstjórnar. Eitt af verkefnum nefndarinnar var að sjá til þess að húsnæði fyrir sumarleikskólann fengist á hverju sumri og ráða starfsfólk til starfa yfir tímabilið. Leitin að hentugu húsnæði var oft mjög erfið því ekki voru mörg hús á lausu. Aðsókn í leikskólann jókst mjög hratt þannig að nefndin og aðrir sáu það fljótlega að þörfin fyrir fast húsnæði og heilsárs leikskóla var orðin nauðsynleg. Árið 1972 var samþykkt á bæjarstjórnarfundi að koma upp leikskólabyggingu á Sauðárkróki. 2. júní 1975 var nýtt 160 m² hús tekið í notkun með tveimur deildum sem vistaði fjörutíu börn samtímis.

Þegar flutt var í nýbygginguna var fyrirfram vitað að húsnæðið væri of lítið því strax myndaðist biðlisti. Það var svo árið 1982 að hafist var handa að nýrri leikskólabyggingu sem staðsett var í Hlíðarhverfi. Árið 1994 var ákveðið að byggja við leikskólann Glaðheima þannig að alls rúmaði hann sextíu börn samtímis á þremur deildum.

Summary

With the increased participation of women in paid labour in the seventies, the need for childcare arose in Sauðárkrókur. The Womens Institute of Sauðárkrókur and the Women's Labour Union Aldan, founded the first daycare in the summer of 1965. The center was housed in the Elementary school building and operated only over the summer. In 1968 the municipality took over the management and a daycare committee was founded under the auspices of the municipal council.

Among the tasks of the daycare committee was to secure facilities for the summer daycare each year and to hire staff for the season. The search for suitable facilities was often frustrating as there was lack of housing. Attendance figures rose rapidly, and soon it was apparent to the committee and community that a permanent, full year daycare facility was needed. In 1972 the municipal council resolved to build a daycare center in Sauðárkrókur. On June the 2nd 1975 a new 160 m² building was opened with two departments accommodating 40 children simultaneously. The new daycare center was named Glaðheimar.

When the daycare center moved into the new building it was already known that the facilities did not meet the demand for daycare in Sauðárkrókur, as a waiting list immediately formed. It was in 1982 that construction started of a new daycare center in the new neighbourhood of Hlíðarhverfi. In 1994 the decision was made to expand the facilities at Glaðheimar to accommodate simultaneously sixty children in three departments.